



Ársskýrsla FIMAK 2016

Árið fór vel af stað hjá Fimleikafélagi Akureyrar. Auður Anna Jónasdóttir var valin íþróttamaður félagsins fyrir árið 2015 og fór hún sem fulltrúi FIMAK í valið um íþróttamann Akureyrar sem haldið var í janúar. Auður Anna lagði stund á hóp fimleika og stökkfimi. Hún var lykilmannskja í liðum félagsins í meistaraflokki og 1.flokki sem bæði stóðu sig vel á árinu.

Auður Anna varð einnig Íslandsmeistari í opnum flokki 16 ára og eldri í stökkfimi haustið 2015 en Íslandsmót í stökkfimi fór fram hér hjá okkur.

Stjórnsýsla

Daglegur rekstur félagsins var höndum framkvæmdastjóra, Rutar Jónsdóttur ásamt því að stjórn hittist mjög reglulega en haldnir voru 23 stjórnarfundir ásamt því að nota sér samskiptamiðla og tölvupósta.

Félagið er áberandi, td á heimasíðu og facebook. Einnig eigum við alltaf fulltrúa á formannfundum og þingum FSÍ, formannafundum ÍBA svo eitthvað sé nefnt.

Í lok árs urðu svo breytingar á starfsmannahaldi skrifstofu þegar Valdís Anna Jónsdóttir lét af störfum og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi.

Í lok árs 2015 eins og minnst var á í skýrslu félagsins veitti formaður viðtöku styrk úr Samherjasjóðnum.

Strax í ársbyrjun var hafist handa við útdeilingu á honum en á vorönn voru öll æfingagjöld iðkenda (fyrir utan leikskólahópa) niðurgreidd um 8000 kr. Hluta var svo úthlutað í ferðastyrki keppniskrakka og uppbyggingu Parkour. Í því sambandi má nefna að við fengum heimsfræga Parkour stráka (Storrör Blog) í heimsókn þar sem þeir sýndu listir sínar og þjálfarar félagsins fengu tilsögn.

Fimleikafélagið er nýtur velvilja fleiri góðra aðila og fyrirtækja. Má þar nefna:

- Akureyrarbær. Aðstaða Fimleikafélagsins er á háu plani á landsmælikvarða og árlegir styrkir frá bænum koma sér vel í rekstri félagsins.
- Viðskiptabanka félagsins, Landsbankann sem hefur komið félaginu til aðstoðar á margan hátt, t.d. verið félaginu til aðstoðar við yfirferð og annað gagnvart rekstri og gefið verðlaun á Akureyrarfjör.
- KEA sem veitti félaginu styrk í formi 300.000 kr. til reksturs félagsins.
- Þá má nefna Höldur - Bílaleigu Akureyrar sem er félaginu gríðarlega mikilvægt og langtímastyrkur þeirra mikils virði.



- Flugfélag Íslands sem hefur styrkt félagið og gert okkur auðveldara að sækja þau mörgu erindi sem þarf að sinna á höfuðborgarsvæðinu.
- Salan á auglýsingum/skiltum í salinn hefur gengið nokkuð vel og vonum við að það haldi áfram og er hún í formi beinna fjárstyrkja, inneigna osv.frv.

Undanfarin ár hefur félaginu sárlega vantað fastráðna þjálfara í hóp fimleikum. Stjórn hefur í samstarfi við yfirþjálfara leitað að þjálfara í fullt starf fyrir hóp fimleikana en hefur sú leit ekki enn skilað árangri.

Annars er félagið nokkuð vel sett þjálfaralega þó svo mikill þjálfaraskortur er í greininni á landinu. Alltaf er brottfall að hausti í hópnum og þá sérstaklega vegna þess að þjálfarar fara til náms á höfuðborgarsvæðinu.

Með tilkomu íþróttakjörsviðs innan kennaranáms hjá Háskólanum á Akureyri bindum við vonir til að fá menntaða fimleikaþjálfara í bæinn sem gætu notast við okkar frábæru aðstöðu bæði í leik og starfi.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 660 sem skiptast í tæplega 40 hópa og þjálfarar félagsins telja 50-60. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70% iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 25. Fullt var í flesta hópa og biðlistar voru í suma hópa.

Aðalfundur félagsins var haldinn 14. júní Giljaskóla. Aðalfundinn sóttu 8 manns auk nokkurra þjálfara og stjórnarmeðlima. Fundastjóri var Unnsteinn Jónsson og fundaritari Lára Halldóra. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundastörf. Hermann Herbertsson gaf kost á sér til áframhaldandi formennsku til eins árs og engin mótframboð bárust. Hermann var því réttkjörinn formaður félagsins.

Í stjórn félagsins voru 3 sæti laus til tveggja ára. Guðbjörg Harpa Þorvaldsdóttir Inga Stella Pétursdóttir og Rannveig Jóhannsdóttiru gáfu kost á sér til tveggja ára. Ekki komu fram fleiri framboð og voru þau því réttkjörnir stjórnarmenn til tveggja ára.

Aglá Egilson, Guðmundur Karl Jónsson og Lára Halldóra Eiríksdóttir áttu eitt ár eftir af sinni stjórnarsetu

Eitt framboð hafði borist í varastjórn frá Álfheiði Svönu Kristjánsdóttur. Þórður Birgisson gaf kost á sér í varastjórn á fundinum og eru þau réttkjörnir varastjórnarmenn til eins árs.



Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru á árinu 2016 voru Parkour mót í tengslum við Ak Extreme, Akureyrarfjör Landsbankans, Vorsýning, Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum hluti I.

Þann 10. apríl, í tengslum við AK Extreme fór fram Parkour mót. Þetta er orðinn árlegur vettvangur Parkour fólks og er haldið í samvinnu FIMAK og AK Extreme.

Dagana 29. apríl - 1. maí fór fram Akureyrarfjör þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendum yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hópimleikum/stökkfimi og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótinu var 6 -17 ára.

Vorsýningin var hin glæsilegasta að vanda undir stjórn Huldu Rúnar Ingvarsdóttur og Þórdísar Þráinsdóttur. Sýningarnar voru 4 talsins, dagana 1. – 2. Júní og gleði skein úr hverju andliti. Á vorsýningunni gátu aðstandendur keypt ljósmyndir af hópunum.

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum var svo haldið hér fyrir norðan 29.-30. október þar sem keppt var í 4.- 5. þrepi íslenska fimleikastigans.

- Fimleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ.

Áhaldafimleikakrakkarnir sóttu Prepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið 24 keppendur en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins 2015-2016.

Félagið eignaðist tvo íslandsmeistara á árinu:

Birta Mjöll Valdimarsdóttir varð stigahæst allra aldursflokka í 5. þrepi en hún keppti í 10. ára flokknum og Gísli Már Þórðarson gerði sér lítið fyrir og varð stigahæstur allra aldursflokka 4. þreps.

Þau voru því kjörin íslandsmeistarar.

Innan aldursflokka sigraði Sólon Sverrisson í 5. þrepi 9 ára drengja og Eva Hrund Hermannsdóttir í 5. þrepi 9 ára stúlkna.

Í maí fóru nokkrir iðkendum úr F1, áhaldafimleikum með þjálfurum sínum Florin og Mirelu til London. Markmiðið var að komast í tengsl við aðra iðkendum, æfa með þeim og skemmta sér í leiðinni. Ferðin var vel heppnuð í alla staði en okkar krakkar sáu hvað okkar aðstaða er gríðarlega flott og vel við haldið í samanburði við aðstöðuna sem þau heimsóttu.

Hópfimleikakrakkarnir sóttu Bikarmót unglunga, Íslandsmót, Subway mót unglunga og Haustmót I og II. Einnig fóru Stökkfimi krakkar til Egilstaða.

Á Íslandsmótinu sem fór fram á Selfossi sigraði 1.flokkur FIMAK í B-deild.

Á haustmóti I sendum við eitt lið í 3. flokki og 2 lið í 4.flokk. Á seinna mótinu áttum við keppendur í 1. og 2. flokk.

Sumarið 2016 fór stór hópur iðkenda ásamt 6 þjálfurum í vikulangar æfingabúðir til Ollerup í Danmörku. Lengi hafði verið stefnt á að fara. Dagsskráin var þétt, bæði hjá iðkendum og þjálfurum sem tóku þátt í endurmenntunarnámskeiðum.



Landsliðsþjálfari unglunga í hópfimleikum valdi til úrkaksæfinga 5 iðkendar frá félaginu, þau: Bjarney Sara Bjarnadóttir, Embla Dögg Sævarsdóttir, Emilía Björk Jóhannsdóttir, Guðmundur Kári Þorgrímsson og Viktoría Rún Sigurðardóttir.

Embla og Guðmundur komust í gegnum niðurskurð og voru á æfingum yfir allt sumarið og að lokum fór Guðmundur með landsliðinu til Maribor í Slóveníu og keppti með blönduðu liði unglunga.

Í maí fóru um 17 keppendur á Mínervumót Bjarkanna og kepptu í 6. og 5. þrepi íslenska fimleikastigans. Liðunum gekk mjög vel, komu heim með tvö silfur og eitt brons en mótið er góður undirbúningur fyrir yngri þátttakendur.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru námskeið í hópfimleikum, áhaldafimleikum, almennum fimleikum, Parkour og trampólíni. Námskeiðin voru vel sótt.



Sí- og endurmenntun

Stefna félagsins að halda eitt sérgreinanámskeið FSÍ á hverju ári að lágmarki og að allir þjálfarar hafi menntun innan fræðslukerfis sambandsins.

Á árinu sóttu 12 þjálfarar námskeiðið FSÍ 1A og 13 þjálfarar FSÍ 1C.

Þar fyrir utan sóttu 6 þjálfarar námskeið í Ollerup sem eru metin inn í menntunarkerfi FSÍ.

Erla Ormarsdóttir bauðst svo til að halda örnámskeið í móttöku fyrir þjálfara félagsins í framhaldi af Ollerupferðinni og var það vel sótt.

Þrír þjálfarar sóttu námskeið á vegum ÍSÍ á árinu.

Lokaorð

Í byrjun árs 2017 voru krýnd í fyrsta skiptið íþróttamaður- og kona fimleikafélagsins fyrir árið 2016. Með breyttum reglum frá ÍBA sem voru samþykktar á þingi sambandsins 2016 að ÍBA myndi breyta úthlutunarreglum svoleiðis að veita bæði karli og konu þetta sæmdarheiti. Beindi ÍBA aðildarfélögum að gera hið sama. Einnig var félögum leyfilegt að skila inn fleirum tilnefningum en einni í hverri íþróttagrein.

Fimleikafélag Akureyrar valdi Emblu Dögg Sævarsdóttur sem fimleikakonu ársins 2016. Embla Dögg er einn fremsti iðkandi félagsins í hóp fimleikum og því vel að titlinum komin. Hún er yndisleg persóna og frábær fyrirmynd fyrir aðra iðkendur félagsins.

Hún náði fram í lokatúrtak fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum sem haldið var í Slóveníu í haust og lagði stund á þrotlausar æfingar í allt sumar með jafningjum sínum.

Félagið valdi Ögra Harðarson sem fimleikakarlar ársins 2016.

Ögri leggur stund á áhaldafimleika og keppir í 1. þrepi. Hann er okkar fremsti iðkandi og vann til margra verðlauna á liðnu ári.

Hann er góð fyrirmynd þar sem hann er langelstur í keppnishópi drengja í áhaldafimleikum og eru margir ungir sem líta upp til Ögra.

Með vísan í breyttar reglur innan ÍBA og aðildarfélaga tilnefndi Fimleikafélagið einnig Guðmund Kára Þorgrímsson til kjörs íþróttamanns Akureyrar.

Guðmundur æfði hjá okkur í hóp fimleikum keppnisveturinn 2015-2016. Hann var valinn á úrtökuæfingar fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum (sömu og Embla, sjá ofar) og komst í gegnum niðurskurðinn og keppti því með landsliði Íslands í blönduðu liði unglinga. Það er öllum ljóst að liðið vann til bronsverðlauna í Maribor í Slóveníu.